

L Ö G

um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Tekjur váttryggingafélaga af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga, en félögin skulu þó gjalda fasteignaskatt og aðstöðugjald samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um verkamannabústaði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að bæta úr húsnæðisþörf þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem ekki hafa tekjur né eiga eignir yfir það hámark, er greinir í 4. tölulið 6. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

2. gr.

Byggingarsjóður verkamanna lánar til bygginga skv. skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Kaupþún telst í þessum lögum þorp með minnst 15 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið land, að talizt geti lögbýli.

3. gr.

Byggingarsjóður verkamanna skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kaupþún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hvernar deildar sem hér segir: